

Háskólaráð Landbúnaðarháskóla Íslands, fundur 6-2014

Tími: Föstudagur 24. október 2014, kl. 10:00, Fundarsalur Nautaflatir, Keldnaholti.

Mætt: Björn Þorsteinsson rektor formaður, Helena Guttormsdóttir, Sigríður Hallgrímsdóttir, Hilmar Janusson, Bjarni Stefánsson, Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir. Sigríður Embla Heiðmarsdóttir var fjarverandi. Áslaug Helgadóttir, aðstoðarrektor, ritaði fundargerð.

Gestur fundarins: Ásgeir Jónsson, formaður valnefndar vegna ráðningar nýs rektors og.

1. Ráðning nýs rektors – auglýsing og ferill

ÁJ kynnti drög að auglýsingu fyrir embætti rektors. Samþykkt var að binda ekki skilyrði til ráðningar við ákveðin fræðasvið, þó að mat á fræðasviðum geti haft áhrif á heildarmat á hæfi umsækjenda. Valnefndin hefur umboð til þess að velja 0-3 umsækjendur. Háskólaráðið mun síðan hafa aðkomu að endanlegu vali.

Rektor var falið að útbúa stuttan texta þar sem fram komi hvert hlutverk skólans sé með áherslu á nýsköpun og sóknarfæri.

Þegar endanleg útgáfa liggur fyrir mun lögfræðingur MMR fara yfir textann og tryggja að hann uppfylli öll lögformleg skilyrði, þ.m.t. hvort geta þurfi þess sérstaklega að heimilt sé að hafna öllum umsækjendum. Um leið og reglur um háskólaráð og rektor Landbúnaðarháskóla Íslands hafa verið birtar í Stjórnartíðindum verður heimilt að birta auglýsinguna. Skólinn ber ábyrgð á birtingu hennar og senda hana á Starfatorg, í dagblöð (Morgunblað og Fréttablaðið) og á heimasíður MMR og skólans. Ákveðið var að auglýsingin yrði einnig á ensku á vefmiðlum.

Formaður valnefndar mun semja við Capacent eða sambærilegra ráðgjafa um aðkomu þeirra að umsóknarferlinu þegar umsóknarfresti er lokið. Háskólaráð hefur möguleika á að framlengja frestinn, sé það gert áður en upphaflegur frestur rennur út.

Skólinn mun bera kostnað af ráðningarferlinu með stuðningi MMR. Rektor var falið að kanna kostnað vegna valnefndar hjá rektor Háskólans á Akureyri.

Ráðið samþykkti fyrirbyggjandi drög að auglýsingunni með fyrirvara um breytingar sem ræddar voru.

2. Nýafstaðnar uppsagnir og skipulagsbreytingar.

Rektor gerði grein fyrir þeim breytingum sem farið hefur verið í. Alls verða 10 störf lögð niður frá næstu áramótum og störfum átta starfsmanna verður breytt. Útgangspunkturinn var að verja kjarnastarfsemi skólans, kennslu og rannsóknir. Lögð var áhersla á verkefni sem standa á veikum tekjugrunni og skipulagsbreytingar sem geta skilað hagræðingu í rekstrinum.

3. Staða fjármála

ÁH skýrði rekstrarhorfur fyrir 2014. Launaliður er tæpum 35 mkr. yfir áætlun en aðrir kostnaðarliðir eru undir áætlun. Frávik í launalið skýrist af ýmsum þáttum en mest vegur kostnaður vegna aukagreiðslna, þ.m.t. úr ritlaunasjóði prófessora sem greitt var úr í september en var á áætlun í október.

BÞ rakti breyttar forsendur fyrir rekstri 2015 eins og þær birtast í fjárlagafrumvarpi. Munar þar mestu um 18 mkr. niðurskurð á framlagi ANR og kostnað sem félli á skólann að óbreyttu vegna þátttöku í

neti opinberu háskólanna upp á 7-8 mkr. Einnig þarf að fara í viðhald fasteigna á Mið-Fossum á næsta ári upp á um 5 mkr.

MMR hefur opnað fyrir þann möguleika að dregið verði úr endurgreiðslukröfu skólans á næsta ári til þess að skólinn geti mætt þessum breyttu forsendum.

4. Verkefni framundan

BÞ skýrði frá því að fyrir dyrum standi stefnumótunarvinna meðal akademískra starfsmanna til þess að gefa nýjum rektor fóður til þess að vinna úr við heildarstefnumörkun skólans til næstu ára. Upplegg vinnunnar yrði þó þannig að hendur nýs rektor yrðu ekki bundnar á nokkurn hátt til að beita sér í stefnumörkun með eðlilegum hætti.

5. Önnur mál

Rektor var falið að svara fyrirliggjandi bréfi frá Magnúsi B. Jónssyni fyrir hönd ráðsins og forma bókun þar sem ráðið hvetji til jákvæðrar umræðu um málefni skólans.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12:25.